Nr. 6.
19.
júní.

# Lög

um

bátfiski á fjörðum.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Rjett er að útilykja aðkomandi fiskimenn frá bátfiski, nema síldveiðar sje, á fjörðum eða tilteknum fjarðarsvæðum, sökum fiskveiða fjarðarbúa, og skal það gjört með samþykkt á þann hátt, er segir í lögum 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og skulu að öðru leyti ákvæði tjeðra laga og laga nr. 23, 4. desbr. 1886 gilda um slíkar samþykktir.

2. gr.

Nú stundar aðkomumaður fiskveiðar á útveg annara en þarsveitarmanna, og dvelur hann í veiðistöð sama hrepps eður hreppa samtals 4 vikur eður lengur sömu missiri, og er þá sveitarstjórn eður niðurjöfnunarnefnd heimilt að jafna á hann hæfilegu útsvari í samanburði við innsveitarmenn eður bæjarbúa. Útsvarinu skal formaður hver lokið hafa fyrir skip sitt áður hann fer á brott. Þó skal eigi leggja auka-útsvar á útvegsmenn úr öðrum sveitarfjelögum við þann fjörð eður flóa, sem útræðið er við, ef útsvar er á þá lagt í sveitarfjelagi sjálfra þeirra. Taka má útsvarið lögtaki sem önnur sveitarútsvör. Að öðru leyti eru og slíkir aðkomumenn háðir landslögum um fiskveiðar og útflutningstoll af sjávarafla.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1888.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

**(L. S.)**

---

*J. Nellemann.*

Nr. 6. Lög 19. júní um bátfiski á fjörðum.

# Lov

Nr. 6. 19de Juni.

vedrørende

## Baadfiskeriet i Fjorde.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget, og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Fra Baadfiskeriet i en Fjord eller en bestemt Del af en Fjord, Sildefiskeriet dog undtaget, kunne, af Hensyn til den omboende Befolknings Fiskeri, andetsteds Boende udelukkes ved Fiskerivedtægt paa den i Lov 14. Decbr. 1877 om forskjellige Punkter vedrørende Fiskeri paa aabne Baade bestemte Maade, angaaende hvilken Vedtægt forøvrigt de i nævnte Lov samt i Lov Nr. 23 af 4. Decbr. 1886 indeholdte Bestemmelser skulle gjælde.

§ 2.

Naar en andetsteds Boende driver Fiskeri fra en Baad, der udrustes af andre end de Omboende, og opholder sig i den samme Reps eller Reppers Fiskerleje ialt 4 Uger eller længere i det samme Aar, kan vedkommende Repsforstanderskab eller Ligningskommission paaligne ham et efter Forholdet til de i Reppen eller Byen Hjemmehørendes Kommuneskat afpasset Bidrag til Kommunen. Hver Baadfører skal have indbetalt det nævnte Bidrag for sin Baad, inden han rejser bort. Dog kan intet Kommunebidrag paalignes en Fiskeridrivende fra andre Kommuner omkring den Fjord eller Bugt, hvorved Fiskerlejet er beliggende, forsaavidt der er paalignet ham Bidrag til hans egen Kommune. For Bidraget kan som for andre Kommuneskatter Udpantning finde Sted. Forøvrigt ere saadanne andetsteds Boende undergivne Landets Lovgivning vedrørende Fiskeri og Udførselsafgift af Fisk og Tran m. m.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 19de Juni 1888.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*